

819.3  
Trio

# TRÓJUMANNA SAGA

## HIN FORNA

---

PRENTUÐ EFTIR  
ÚTGÁFU JÓNS SIGURÐSSONAR FORSETA  
Í DÖNSKUM ANNÁLUM  
1848



REYKJAVÍK  
PRENTSMÍÐJA D. ÖSTLUNDS  
1913



**H**ér hefr Trójumanna sögu.

1. Á dögum Jósue, er höfðingi var á Jórsalalandi yfir Gyðinga lýð, eftir Móises, eftir tilskipan sjálfs guðs, var sá maðr uppi fæddr í ey þeirri í Jórsala hafi er Krít heitir, er Satúrnus var kallaðr en vér köllum Frey; hann var ekki ríkr maðr hinn fyrri lut æfi sinnar, en þó var hann vitr maðr ok ráðugr; bróðir hans Títan; hann átti marga sunu. Satúrnus sá, hversu mikit skilði sæmðina þeirra manna, er fé höfðu, ok hinna, er ekki eða lítit áttu; hann leitar nú með vizku feárins, hyggr at háttum manna ok undirstendr þat, at engi maðr í því landi kunni at blása gullmálm; ok af því at hann vissi, at með Gyðingum voru þeir menn, er þessháttar íþrótt kunnu, ok hversdagslega smíðuðu gull til tjaldbúðar drottins; þá ferr hann leynilega til þeirra ok nemr af þeim þá íþrótt, ok síðan ferr hann heim ok verðr skjótt stórauðigr; verðr hann

nú af þessu ágætr ok fær virðing mikla. Hann lætr nú borgir gera á landinu og fær nú dýrlegt kvánfáng, ok því trúðu heiðnir menn, at hann ætti engan föðr, því at hann var langt um (fram) alla sína ættmenn at virðingu. Hann átti iij sunu: Júpíter ok Neptúnum ok Plútu. Júpíter unni hann mest þeirra. Satúrnus var nú vorðinn svá auðigr, ok svá vóx sæmð hans mikit, at þeir tóku hann til konungs, var hann vinsæll ok örr. Hann lét gullpenning ganga um eyrna, ok er svá skjótt vóx sæmð hans, þá kölluðu heiðnir menn það gullheim er hann réð fyrri; C borga var í ríki hans í eyrni, ok hafði hann ok hans menn allar gera látit; þeir kölluðu hann upphaf ok guð þess lands; þat lof féllst honum í eyru ok trúði hann því er þeir sögðu, ok hugðist hann nú vera mátkari öllum konungum, ok svá kom, að hann hugðist ráða mundi öllum heimi; heyrtr hafði hann ok getit helvítis, og eignaði hann sér þat, ok svá himin; mikið unni hann sunum sínum, ok er hann var orðinn svá frægr, þá beiddust synir hans ríkis af honum, ok svá gerir hann, at hann gefr Júpíter himin ok mælti: svá sem sumir kalla himna þrenning, þá gef ek þér nú með ríkinu, at þú skalt ráða fyrri eldingum ok senda til úvina þinna, ok lát fara iij saman jamnan, svá at þat megi allir sjá merkíng

þrenningar ríkis þíns. Neptúnum set ek guð yfir þessum heimi at ráða, ok þar með veldisgjöf krók þríangaðan, skaltu þar með alla hluti til þín draga, til marks þrenningar þinnar. Plútu skal vera höfðingi yfir helvíti, ok fyrir sakir þess ríkis gef ek þér varðhund, er Cerberus heitir, ok á iij höfuð til þrenningarmarks. Þessu trúðu heiðnir menn, at svá væru sköpuð veröldin, ok þeir mundu ráða þessum heimum. Júpíter þótti fólkit ofsast, ok ríki föðr síns of mikit, ok öfundaði hann þat, ok berr fé undir höfðingja, at þeir réði konung af ríkinu; þeir þiggja féit ok veita atgöngu með Júpíter, ok gerir hann ij kosti föðr sínum, hvárt hann vill gefa upp ríkit eða berjast. Júpíter hefir áður mikit undir sig lagt af ríkinu. Satúrnus segir of sjálfráða sunu sína verit hafa, ok of mikið lén þeim gefit, stökr hann undan hingat í Ítalíam. Hann kendi mönnum fyrst akrverk. Júpíter tók þá alt ríkit, hann gerðist hermaðr mikill. Hann tekr af gullpenning, lætr ganga sylfrpenning. Hann fékk konu þeirrar er Júnú hét, ok er hann nú konúngr yfir öllu ríkinu. Þat öfunduðu synir Títans, er eigi þóttust til minna komnir. Þeir fá sér mikinn afla ok herja á ríkit og gera mörg illvirki. Konúngr samnar her á móti ok fundust þeir undir ey einni. Júpíter bað sína menn handtaka þá,

en drepa eigi, ok síðan berjast þeir ok lýkr svá at synir Títans flýðu, en litlu síðar komu þeir aftr með miklum styrk ok herja ok brenna. Þeir fá svá mikinn styrk, at þeir gera sjer eina sterka borg ok herja þaðan, ok er Júpíter fregn þetta, ferr hann á hendur þeim. Ok einn dag er synir Títans váru riðnir með her sinn út af borginni, þá sjá þeir hvar ferr herr Júpíters, þeir snúa þegar til borgarinnar ok verja hana, en Júpíter sækir at, ok ljettir eigi fyrr en þeir gefa sik upp. Hann lætr þá handtaka ok setja í fjallit Etnum, ok ljet þá þar svelta til heljar. Hér eftir verðr allt fólk hrætt vit hann, ok því trúðu heiðnir menn, at hann sendi þá til helvítis, því at jarðeldr er í fjalli því. Hann lætr gera sér skip mikit og skera griðungshöfuð á framstafni, þat hafði hann í allar herfarar. Því trúðu heiðnir menn, at hann færi í griðungslíki yfir stór höf, enda hafði hann ok fjölkýngi til at hann mátti griðungr sýnast. hann átti sun er Merkúrius hét, hans móðir hét Maja, hún var frilla hans. Merkúrius var mikill ípróttamaðr ok vitr.

2. Maðr hét Ínakus, hann var maðr ríkr í Girklandi hann átti dóttir vena er Íó hét. Hún var kvenna fríðust. Júpíter vill sjá þessa konu ok ferr heiman, ok er Ínakus spyrr til ferða Júpíters, gengr hann móti honum með

blíðskap. Ínakus sendir menn eftir fólki, ok um morgininn eftir sér Júpíter Íó, ok sér at hún er allra kvenna venst. Þá mælti Júpíter hinn ríki: Ínakus! segir hann, oft hafa miklar sögur gengit frá dóttur þinni, ok eigi er þar ofmikit frá sagt, og spurt muntu hafa frá mínu ríki ok mætti, ok vil ek at þú giftir mér dóttur þína, báðum okkr til sæmðar. Hann svarar: spurt höfu vér til ríkis yðar, ok þat, at ér eiguð konu, ok verðr ekki mín dóttir yður. Júpíter segir: kemr þér eigi þat í hug, at ek mun hafa vald til at fá hana móti vilja þínum. Hann svarar: þat er nú sem verðr, ok nú er öll borgin full með her, ok er nú eigi kostur at hafa hana brott. Ferr hann vit svá búit heim, en litlu síðarr ferr Júpíter einsaman við lítið skip ok kemr í ríki Ínakus. Hann ferr með stafkörlum ok finnr þræla nokkura í skógi, ok spyrr þá tíðinda ok hvárt konúngur sé í landi, eða hvat þar er frægst. Þeir segja konúng sitja í góðum friði, en ekki er hér tíðara at tala en um Krítar-Þór, hversu sneypulega hann fór. Hann segir: ek hefi nokkut silfr, ok vil ek gefa yðr ef þér komit henni í skóginn, en þeir voru heimskir ok tóku við silfrinu, ok komu henni í skóginn, en Júpíter greip hana, ok hafði hana brott með sér; við þetta verðr varr Ínakus, ok þikkir eigi

auðvelt eftir at sækja. En er þau koma heim í Krít, er Íó vanheil, en Júnú konu Júpíters líkar þetta illa, ok bregðr Íó í kvígulíki ok mælti svá fyri, at hún skyldi eigi léttari verða fyrr en hún kvemi þar er á félli í vij kvíslum til sjófar. Júnú sendir til fluguna Ónestíó at bíta hana, en Argus þræll gætti hennar, er hafði C. augna. LX í nakka, ok vöktu þau um netur. Hún mátti aldri léttari verða, fyrr en Þórr sendi til Merkúríum harpslaga sinn at svæfa hann. Hann svæfði þrælinn ok drap hann síðan. Svá er sagt, at Sif, kona Þórs, er Íó skyldi léttari verða, at hon hélt höndum fram um kné sér, ok spenti þar um ok kvað galdra, ok þá var allt senn, at drepinn var þrælinn ok henni spratt höndin af knénu, ok þá varð hún léttari at Erkúles, ok er hann lá í vögg, þá vöktti Sif upp höggorma at sveininum, en hann rétti á móti hendr, ok kreisti höggormana til bana, ok er hann vex upp gerist hann allra kappa mestr.

3. Líkaon hét maðr illr ok auðigr í Krít, margir kölluðu hann mannætu ok tröll. Júpíter sækir hann heim, ok leynist, ok vill vita, hvárt hann er sönnu sagðr, og hit fyrsta kveld sér hann at þar var manna slátr í katli, ok nú grunar bóndann, hver gestrinn man vera ok vill nú svíkja hann; ok er Júpíter

finnr þat, leitar hann brott, ok litlu síðarr sendir Júpíter menn til hans ok drepr hann, en tekr upp féit. Því trúðu heiðnir menn, at hann yrði . . . . . gi. <sup>1)</sup>

4. Konúngr hét Agenor á Girklandi, ríkr ok fjölmennr, hann átti ij börn. Kaðmus hét sun hans, en Evrópa dóttir, allra kvenna fríðust, Kaðmus (bróðir) hennar (var) spekingr mikill, hann fann stafróf Girkja; hon var vitr ok kunni margar listir. Konúngr unni henni mikit. Hann spyr hversu Ínakus hafði farit, ok örveittr sér ekki slíks, hann setti sun sinn at varðveita (konona). Júpíter spyr þetta, ok ferr yfir hafit út í einn leynivág, en þat sögðu Krítarmenn, at hann svæmi um hafit, er hann fór opt svá skjótt. Hann kemr þaðan skamt í frá sem konungsdóttir var, ok einn morgin er konungsdóttir gekk or borginni, ok sá á sjófarströnd, hvar lá griðúngr einn, ok svá fagr, at hvert hár þótti henni ór gulli, hon gengr ok klappar um granar hans og kyssir hann, ok þikkir hann fagr, en fylgiskonr hennar ræða um at þetta er mikil gersemi. Nú sprettr griðúngr upp, ok þrífir hana ok hefir til skips, ok ferr heim í ríki sitt. Konúngin-

<sup>1)</sup> Handritið ólæsilegt; á líklega að vera, að hann hefði orðið að vargi.

um, fōðr hennar líkar þetta illa, ok segir syni sínum, at hann man ekki ríki eignast, nema hann nái aftr dóttir hans, eða ella komi hann aldrei aftr; hann ferr brott með liði ok kemr á Krít, ok ferr á fund Júpíter. Þeir finnast ok sættast, at því at Júpíter gekk að eiga systur hans, ok kvezt mundu gefa honum þriðjung heims ok koma í honum í ríki sitt. Son þeirra Júpíter ok Evrópa var Appolló sólar guð, hann var mjök fjölkunnigr ok gerði mörg skrípi ok undr. Þórr fregn þat, ok vill eigi at aðrir dirfist at því, hann sendir menn til hans, ok gerir at honum eldíngr, ok verðr þat hans bani.

5. Salómon hét sá konúngr, er jafnaðist við Júpíter. Hann hafði látit gera mikla höll ok dýrlega, ok mikla brú til, með miklum vélum ok or stórir ríngar. Hann var því vanr ef úvinir hans kvæmu, at gera eldíngr at þeim, Júpíter sækir þangat, ok vill eigi þetta sitja, ok ferr at Salómon konúngi með her, ok fleygir til hans eldíngrum iij at sögu heiðinna manna, og þar af þá dó hann ok mikill luti fólks hans, ok sýndist Þórr honum þat maklig skript.

Frá Edelon.

6. Maðr hét Edelon ok dóttir hans Alkonía. Júpíter spyr þetta, ok vill ná henni

ok leitar sér ráðs. Hann kemr á laun, ok er hon sat í skemmu sinni verða þau undr, at rignir gulldropum á kné henni; hon gengr út ok sér mikla skúr, hvar ofan rigndi, og gengr þar eftir, ok í þessu grípr Júpíter hana ok leiðir til skips, en faðir hennar biðr eigi leita hennar, ok þikkist vita hvern hana man hafa brott numit, ok er Júpíter kemr til skipa með hana, lætr hann verða saman ij nætr ok engan dag í millim.

7. Peleus hét konúngr í Pelapónense í Girklandi, ágætr ok ríkr, bróðir hans hét Eson, ok bar ekki tignarnafn; sun hans hét Jason, hann var mikill maðr ok sterkr, vopndjarfr ok vígkænn; hann var svá vinsæll, at honum vildu nálega allir þjóna í ríkinu. Hann var miklu örvari af fé en nokkurr í þann tíma, þat óttaðist Peleus konúngr at skjótt mundi Jason hafa undan honum ríkit, ok gerði þat ráð, at senda hann í nokkura ferð, er engi hafði aftr komit, sá er farit hafði. Hann sendir síðan orð Jason, at hann komi á hans fund, ok er honum komu bréf konúngs, fór hann þegar á fund hans. Konúngr fagnaði honum, ok er hann hafði þar verit um hríð, þá gengu þeir frændr á málstofu; þá mælti konúngr: ólíkr ertu orðinn, frændi, flestum mönnum öðrum í heimi þessum, þeim er vér heyrum sögur af,

ok þyrfti nú at þú létir skamt þrekvirkja millim, meðan þú ert í þvilíkum blóma aldurs ok virðingar, ok mætti þaðan af vaxa þín tign ok vart ríki, en sú þikkir nú framaferð mest at fara í Asíam, í þann stað sem Kolkos heitir, at sækja þangat reifi þat er gullspuni einn er, ok hefr þeim þó ekki vel farist, er eftir hafa sótt, venti ek at þeir munu úráðlega hafa at farit. Jason gerði sig fúsan þessar farar, því at honum féll vel í eyru lofsorð konúngs, heitr konúngr honum stórsæmdum, ef hann kemr aftr, þikkir Jason ok fýsilegt, at koma í hina ágætustu staði veraldarinnar, ok játtar ferðinni. Konúngr sendir eftir smið þeim, er Argus hét, er hagrastr var í ríkinu, ok víða er í bókum getið, at hann skyldi skip gera ok vanda sem mest, ok er þat veglega skip var framsett, var þat kallað Argo. Þessir menn réðust til ferðar með Jason; hinn mikli Erkúles, sun Þórs, Kastor ok Pollox af Sparta, bræðr Eline er venst var allra kvenna í Girklandi, hana átti Menelaus, ok Klítemestre, er átti Agamemnon; með honum fór ok Nestor hinn spaki or Píló, ok Telamón af Salómína ok Peleus af Figía. Eigi voru fleiri menn nefndir. Ok er þeir voru búnir, létu þeir í haf, ok komu síðan vit þat land er Frígía heitir. Fyrir því ríki réð þá Lamedon, hans

sun var Príamus en dóttir Hesíóna. Kona Príamí hét Hekúba, þeirra synir voru þeir, hinn ágæti Ektor ok hinn fagri Alexandr, er Paris hét öðru nafni, Deiphepus. Heleneus ok Tróilus; dætr þeirra þær Kasandra ok Pólixena ok Tróan; átti Príamus ok laungetna sunu. Príamus réð þá fyri Tyrklandi einu, meðan Lamedon lifði. Hekúpu dreymdi, þá er hon var úraust, at einn logbrandr liði fram af munni hennar, þar fyrir þótti henni öll Trójuborg brenna; ok var rædd mjök ok sagði Príamó drauminn, en spekingar réðu svá, at hon mundi fæða einn sun, þann er fyri hans sakir mundi niðr vera brotin öll Trójuborg. Ok er Príamus konúngr heyrir þessa luti, biðr hann sveininn útbera. Ok er hann var fæddr var hann kallaðr Alexandr; ok er móðirin sá; hversu fagrt þat barn var, vildi hon eigi láta útbera, ok fékk hann á fóstrs á laun, ok var hann þá kallaðr Paris, en er hann vóx upp, elskaði hann mjök Freyju, en síðan er hann vissi um ætt sína ok hann gerði brullaup sitt til Thetidem, þá bauð hann þangat öllum guðum. Hon tók upp eitt gullepli, á því var þat ritað, at sú skyldi eignast er fegri væri ok var því kastat millim þeirra Freyju ok Sif ok Gefjon; þær ganga fyri Júpíter at hann dæmi um, hver þeirra fríðust er, en hann vildi eigi

dæma, því at hann ugði reiði þeirrar, er hann dæmði eigi vensta; hann bað að þær færu í skóginn ídem til hirðis þess, er Alexandr hét, ok á nokkorum degi, er hann gættí feárins, kom til hans griðúngr einn mikill er hann hafði eigi fyrr sét, ok barðist við einn af hans griðúngum, ok varð sá sigraðr er Alexandr átti. Þá setti Þórr kórónu af dýrlegum blómum yfir höfuð hans, ok annan dag kom griðúngr, ok fór sem hinn fyrri dag; ok hinn þriðja dag kom hinn sami griðúngr, ok mátti sá minna fyrst er Alexandr átti, ok þá batt hann brodd einn mikinn í enni honum, ok mátti þá sá ekki við, er til var kominn ok undi þá Alexandr vel vit, ok því setti hann kórónuna á höfuð honum, ok tignaði hann þá svo fyrir sigr sinn.

8. Þessi atburðr var sagðr Príamó, ok hér eftir gekk hann við frændsemi Alexandrs, ok er hann var í ætt kominn, tók hann virðing sem aðrir bræðr hans, hann var allra manna kurteisast. Ok einn dag, er hann fór á Ídusskóg þar sem hann hafði hjörð haldit, sýndist honum í svefni, sem Satúrnus leiddi at honkonr iij konr, Sif ok Freyju ok Frigg, ok bað hann segja, hver þeirra venust veri. Honum þótti Freyja lúta að sér, ok bað hann þat segja at hon væri venst, en hon kvazt mundu

launa honum, at vera þess ráðandi at fá honum þá konu af Girklandi er venst væri; þá gekk at honum Sif ok bað at hann skyldi hana vensta dæma, en hon kvezt mundu gefa honum mikit veraldarríki ok tign, ok er hann dæmir eigi, þá gengr Frigg at honum ok býðr honum mikla speki ok sigr í orustum (hon var orustu guð), ef hann segði hana fegrsta, ok dæmir hann eigi; nú kemr Freyja at honum ok mælti: minnstu nú, hverju þú hefir mér heitit: hon beraði líkam sinn; þá dæmir hann hana fegrsta; því var Sif síðan í fjandskap við Trójumenn.

9. En þeir Erkúles ok Jason voru þar við land komnir, þá sendi Lamedon konúngr menn til þeirra, ok bað þá brottu verða, ella mundi hann þá með her færa brott, ok er þeim komu þessi boð, sé þeir eigi annan kost líkara en fara brott, létu þeir ok eigi sinni ferð fyrr en þeir komu í Kolkos, þar réð þá fyrri konúngr sá er Medíus hét, en Medía hét dóttir hans. Hún var kvenna venst ok vitrust, ok Medíus konúngr býðr nú þeim Jason til veizlu, ok eru þeir í Kolkos um ríð. Nú berr Jason upp eyrindi sín fyrir konúngi ok segir at hann er sendr eftir reyfinu, því er uppi hángir í Týs hofi, ok margir hafa eftir farit. Konúngr mælti: þú ert dýrlegr maðr ok



skalt vel með oss kominn, en ek vel segja þér hvat á liggr, ef þetta reyfi er brott haft, at lokit er þess konungsríki er hér ræðr fyri; ok vita skulu þér þrautir, er til eru, áðr en nást mun. Argus heitir þræll, er vakir yfir hofinu, hann hefr Caugna, ok sefr þá sumum er hann vakir sumum, ok skal hann svæfa ok drepa síðan. Dreki er sá í hofinu, er þú munt heyrt hafa getit, og allra er dreka grimmastr. Hann hefr mörg augu ok mikit eitr. Hann skal ok drepa. Yxn eru þar ij or eyri blásnir, ok svá grimmir ok ógurlegir, at eldr flýgr af nösom þeirra ok munni, ok eftir þat skaltu niðr brjóta hofit ok erja þar yfir með exnunum, ok taka síðan jaxlana or drekanum ok sá þar í eftir, síðan munu þar menn upp renna, iij sinnum xij ok vilja allir drekans hefna, þeir eru svá stórir ok sterkir sem risar, ok vit þá verðr at berjast, ok sá er þessu kemr á leið mun aldrei týna lofi sínu meðan veröldin stendr.

10. Nú er Jason heyrir þetta, fær honum mikillar áhyggju, hversu hann skal fram koma þessi þraut, ok nú leiðir konungr hann at sjá allar þrautirnar, ok þikkir honum því meira um vert, er hann veit gerr; ok er Jason stórlega úglaðr. Medía konungs-dóttir sér þetta, at Jason er úkátr; henni lízt vel á hann, ok þikkir mikil skaði, ef svá dýrlegr maðr fyri-

farist; hon kunni mikit af fjölkýngi föður síns; þá mælti hon til systur sinnar: mjök harma ek þat, mín kæra systir! ef þessi hinn dýrlegi maðr skal týnast, ok eigi má ek þat vita, ef ek má honum bót ráða. Far þú nú ok seg honum at ek vil finna hann, ok heldr vil ek allar þrautir á mik leggja, en þessi dreki fyrirfari honum. Nú ferr mærin til hallar, þar er Jason svaf, ok mælti: herra, sofi þér? hann mælti: hver ertu júngrú? hon svarar: ek em systirhinnar ríku Medee, konungsdóttur ok hon sendi mik til yðar, hon harmar með þér þína hugsótt, ok rís upp ok gakk með mér. Hon ferr til skógar fyri honum skamt frá borginni, ok þar var fyri hin ágæta Medee, ok er hon sér Jasonem stendr hon upp ok kvaddi hann. Hann fagnar henni vel, þau talast við marga luti, ok finnr Jason skjótt hversu vitr hon er, ok rennr honum skjótt hugr til hennar, ok veitir nú hvárt öðru fægileg faðmlög ok blíðu kossa, ok eigi gánga þau þaðan brott fyrr en Jason hefr framit vilja sinn vit hana allan. Þá segir Medía, at hann skal vera kátr ok ótta- laus, ok heitir honum því, at hann skal fram koma sínu eyrindi. Nú gengr Jason heim glaðr, ok er sá tími kemr, er fram skal koma þetta þrekvirki, ok á einni nótt koma sendi- menn konungsdóttur til Jasons, ok nú gánga

þau brott ij ok til hofsins, ok þá svæfir hon drekann ok þrælinn, en Jason reiðir upp sverðit ok drepr þrælinn, þar eftir leggr hann til drekans undir bæxlit, sem hon kendi honum, ok þá vaknaði við sá hinn grimmi dreki, ok blés ógurlegu eitri, en með fulltíngi konungsdóttur skaðaði þat hann ekki, nú blístrar konungsdóttir at óxnunum, ok gengr at þeim ok leggr ok á, ok knýtir við vagn, ok ekr út yfir hofit, öllum feárlut ok svá þessu hinu ágæta reyfi, er alt var sem gull. Nú kveykir hún galdra svá at hon fellir ofan hofit, ok taka þau tenn drekans, en knytja saman yxnina ok erja yfir hofit, ok sá í jörðina eftir, ok þar renna upp margir menn ok sterklegir með vápnum, ok þá bíðr Jasoni mikinn ótta. Þá mælti konungsdóttir: hræzt eigi, herra, sjálfir skulu þeir sæfast, ok með hennar kunnáttu berjast þeir sjálfir ok drepast niðr, þá ferr Jason heim með þessum sigri, ok vegr upp menn sína ok segir þeim þessi tíðindi, en Médía fór til hallar föður síns, ok hefir með sér allt sitt gull ok hin ágætustu klæði sín, ok ferr nú til skips Jasons. Jason ok hans menn laupa nú um borgina með ópi ok eggjan, ok drepa allt þat sem fyri varð, ok svá lyka þeir við, at þar fellr Médíus konúgr ok mestr luti hers hans, ok ok dvelst Jason þar um vetrinn, en konungs-

dóttir var með barni, ok fæddi hon ij sunu. Ok er vár kom, fór Jason heim til Girklands með mikilli sæmð. Ok eitt kveld komu þeir við ey eina, ok lágu þar um nóttina. Þeir Jason sváfu í landtjaldi, ok Médie konungsdóttir; hon vaknaði eigi fyrr, en þeir voru allir brottu. Hon gengr á eyna ok sér at þeir sigla þá öllum skipum undan eyinni. Hon kallar þá með miklum gráti ok mælti: veit ek at Jason man eigi þessu ráðit hafa, sá er mesta frægð vann í Kolkos. Hon talði upp margan sinn harm, en Jason vildi eigi at síðr brott sigla, því at hann átti aðra konu heima, ok vel ættaða, kemr hann nú heim í land, ok var hverr maðr honum feginn nema Peleus konúgr; varð Jason af þessari ferð mjök frægr, var hann til konungs tekinn eftir Peleus.

II. En er Erkúles var aftr kominn, þá unði hann stórilla við sína för ok úvirðing þá, er Lamedon konúgr hafði honum veitt. Hann fór heiman til þeirrar eyjar er Spartam heitir, at finna Kastorem ok Pollúcem. Þá hafði Lamedon konúgr landflæmða. Þaðan fara þeir allir saman til Salómínam, at finna Thelamon, ok fara þeir þaðan allir til Picíam at finna Peleum, ok fór hann með þeim í Pílum, þar er Nestor hinn spaki réð fyri, ok fór hann

með þeim ok hafði V skip stór, ok valdi þar til hina beztu menn. Sigldu þeir þaðan í haf ok komu við Frigíaland um nótt, ok er þeir urðu landfastir, fór Erkúles frá skipum, ok með honum Peleus ok Thelamon ok helmíngur liðs þeirra. Lamedon konúgr var í borg þeirri er Ilíum hét, síðar Trója, hon var þá hvárki sterk at veggjum né mannfjölda. Hann reið út af borginni ok til skipanna, ok tókst þar bardagi, ok eigi lángr áðr honum kom hersaga or borginni; vendi konúgr þá aftr ok vill veita þeim. Snéri Erkúles þá í móti honum ok varð þar harðr bardagi, ok lauk svá at Erkúles drap Lamedon konúng ok mestan luta liðs hans. Þeir tóku þar Hesíónem, dóttir Lamedons konúgs, ok allt þat er fémætt var, fara þeir síðan með sigri aftr til Girklands, ok undu þá vel við sína ferð. Thelamon fékk Hesíónem, ok fóru þau heim í Salómína. Þar féllu frillusynir Lamedons, er svá hétu: Hipsifilus ok Voltúntes ok Amphíter.

#### Frá Erkúles.

12. Eftir þessa atburði fór Erkúles or landi at leita sér frægðar. Hann drap með höndum sér einn mikinn leo. Herkúlesteus heyrði mikla frægð fara af Erkúles, ok girntist at sjá hann, ok er þeir fundust, drap Erkúles

hann. Hjá einni keldu var einn ormr með mörgum höfðum, ok er eitt var af honum höggvit, þá komu ij í staðinn. Þann drap Erkúles. Hann tók gulleplin, hann fór ok í Spanía, ok drap hinn ógrlega Gereons, ok var þat verk allfrægt. Þaðan fór hann í vestrálfu heimsins, ok er svá sagt at hann kæmi til heimsenda, ok gerði þar mikla stólpa til marks víðförlí sinnar. Síðan siglði hann aftr um Norvasund ok í Ítalía. Kakus sun Evander, hét mikill kappi, er Erkúles drap. Þaðan fer hann út á Indíaland, ok drepr þar þau dýr er Centauros heita, en tamði sum. Hann drap ok þar þá fugla er ágætastir hafa verit, er Arpíne hétu. Eftir þat ferr hann utan, ok svá sögðu heidnir menn, at hann brygðist í villigaltar líki, ok þorðu engir honum áverka at veita. Því trúðu þeir ok, at hann bæri himin, ok því kölluðu þeir hann þángat numinn, ok því kölluðu þeir Erkúles stjörnu; hon stendr á millim ij vagna.

13. Erkúles hafði átt þá konu, er Deíaníra hét, systr Melíagrí. Hann hafði hana látit eina, en tekit sér eina bónda dóttur til konu. Deíaníra sendir Erkúles eitt bréf með þessum orðum: Margt kemr nú við, Erkúles, um ráð þitt, þat er fyrir skömmu mundi eigi líklegt þikkja. Þú hefr nú fengit eina bóndadóttur,

þá er ekki kann at gera, utan rífa ull í sundr, ok svá segist at þú greiðir stundum með henni, en ef þú greiðir eigi vel fyrir henni, þá lystr hón þik með snælduhala sínum; ok eigi er þessi hinn sami Erkúles ok sá er drekann drap í garði Atlanus rísa, ok tók þaðan gullepli ij. Mér er ok sagt, at þú drekkir vín um netr ok daga, ok etir hæns ok páfugla, ok eigi hefðir þú yfirkomist Erides hinn frækna, ef þú hefðir þá svá gert ok eigi mundi Orpeus trúa at þú mundir slíkr verða, þá er þú vart í niðrgang með honum, ok þú tókt Cerberum, ok drótt hann allt upp í ljós veraldar, ok lagðir á hann iij fjötra. Eigi vartu þá í balldikinn ok eigi battu þá gull á háls þér. En eigi þarf ek um þik at annast; mín forlög munu mik taka, sem frændr mína. Faðir minn lagði sik sverði, bræðr mínir vágust; systr mínar druknuðu, nú sendi ek þér einn kyrtill, roðinn með mínu blóði; ok eigi vartu þá í blautum purpura, er þú drapt Gorgonium, skrimsl þat er framan var leó, en í miðju geit, en flugdreki aftr, ok þess minnir mik, at þú værir heldr í vargstakki, þá er þú drapt Gereónem konúng í Spanía, ok rétt einn öllum Spán; — nú send hín gat sun okkarn, at hann veiti mér nábjargir, en ek sendi þér í móti þetta klæði blóðugt. Hon

brá þá sverði ok lagði gegnum sik, ok lét hon þar líf sitt.

Er Trója var eflð annan tíma.

14. Nú er þar til að taka, at þá er Lamedon konúngur var drepinn ok synir hans, ok dóttir hans hertekin, en brotin borgin ok rænt fénu, var Príamus ekki ner. Ok er hann frá þessi tíðindi, brá honum við mjök. Hann fór þá til Íliam með allt sitt góz. Hann lét þegar til borgar efna, miklu sterkari en fyrr hafði hon verit, en eigi varð hon fyrr allger, svá sem þeir vildu, fyrr en Neptúnus ok Apolló sólarguð gerðu hana; þángat vóru veitt stór vötn með miklum broðum; þar vóru þá gervir kastalar stórir ok turnar; eigi vóru ok borgarliðin aftr læst auðveldari at sækja, en veggirnir liðlausir. Kastali var yfir hverju borgarliði. Hann lét gera hof mikit í borginni ok helga Þór, ok er þetta var allt gert, þá sendi hann Antenor til Girklands eftir Hesíonem systur sinni. Hann fór, þegar honum gaf byr, ok fann Peleí, ok sagðist vera sendr af Príamus konúngi, at leita um sættir við þá Gírki, ok tjáði hversu stórt honum var at bæta, er þeir höfðu drepit föður hans ok bræðr, en brotit borg hans ok rænt fénu ok drepit fjölda fólks, en tekit systur hans at herfángi, er hann tregar

mest, ok það at hann skyldi eiga luti at Hesíónem veri heim send. Peleas tók honum erfiðlega, ok kallaðist þeim minna illt gert hafa en þeir voru verðir, ok það hann brott fara þaðan. Hann hélt þá brott til Bóecíam, ok lendi vit Salamínam, ok fór á fund Telamon, ok beiddi at hann sendi heim Hesíónem til Príamus bróður síns. Telamon segir: ekki er þess við mik at leita, ek hefi ekki gert Príamó, ek drap ekki föður hans, ok eigi tók ek systur hans, en þau laun, er ek fékk þar fyrir mína framkvæmð, varir mik at ek láta eigi þrautarlaust, ok það hann Antenor brott fara sem skjótast. Hann fór þegar brott, ok létti eigi fyrr en hann kom heim til Príamó ok sagði honum alla sína ferð, ok sagðist fundit hafa alla þá menn, er honum áttu sakir at bæta ok sagði fyrri sakbætr koma spott ok heitun.

15. Eftir þat sendi Príamus eftir sunum sínum ok vinum, ok segir þeim at hann ætlar at gera her til Girklands ok skulu synir mínir vera höfðingjar, fyrri því at þeir eru reyndir at mikilli kappsemð, ok fræknleik. Ektor stóð upp ok mælti: hann var elztr ok ágæztr. Gjarna vildim vér fara, ef til sæmðar mætti verða, en þat efar mik um. at eigi verði várr lutr því betri, sem vit eigumst fleira vit, en ekki kvíði ek mér, því at lifa man ek þann

aldr, sem mér er hugaðr. Þá mælti Alexandr: þat er mín tillaga, at vér látim þá reyna um stund at bera skarðan lut fyrri oss, ok vil ek bjóðast til at vera höfðingi þessarar farar ok kemr mér mjök óvart, ef ek fer eyrendlausu. Eftir þat sagði Alexandr draum sinn, þann er hann hafði dreymt í Ídaskógi; venti ek at hann muni nú ræsa. Man ek þángat sækja heldr yndi en aldrtila, man þat ok allt eftir gánga er goðin hafa fyrir sagt, er ok sá engi feigri er ferr, en hinn er heima sitr. Þetta mál studdi Deiphobus, sun Príamamus, eggja mjök ferðarinnar. Þá stóð upp Elenus, sun Príamus ok mælti: annan veg segir mér hugr um þessa ferð en bræðrum mínum, ek ætla þann bezta kost várn, at eyrindlausu verði, ok er þat þó eigi hæðingarlaust, en nerr er þat minni ætlan at vér munum fara ok hafa eyrindi at sinni, þat er vér viljum, en fyrri þat munu vér láta fé várt ok frændr ok sjálfa oss á lesti. Þá stóð upp Tróilus hin yngsti sun Príamus, en engi var honum sterkari utan Ektor, ok fýsti mjök ferðarinnar. Konúngr lætr nú þíng stefna, ok segir at hann ætlar her út at bjóða ok herja til Girklands ok Alexandr sun hans, skal þar höfðingi fyrri vera. Hann tjár sakir þær, er hann átti við Grikki, ok svá svör þau er Antenor fékk, er hann var

þángat sendr, það hann nú til leggja hvern þat er líkast þætti, en kvazt ekki trúa illspám Helenus. Sá maðr svarar máli hans, er Pandus hét, sun Eyforbúus, frændi Príamus: hér megu þér þann sjá, er illa ætlar verða munu förna, því at svá, sagði minn faðir mér; ef Alexandr næmi konu af Girklandi at þar af mundu vér fá údæmi ok aldrtila, kallaði hann ner sínu skapi vera at lifa í atferðarleysi en deyja hæðilega í forsjóleysi ok heimsku með ofkappi. Konúngr kallaði honum koma til slíkra orða ræðslu ok hugleysi, fýsti þá allt fólk þessar ferðar. Kasandra, dóttir Príamus konúngs, kunni stórilla þessi ætlan, ok kvað þar mundu við gefna Tróju, ok líf föðr síns, ok bræðra, ok drjúgum allra manna virðing, ok flestra manna feárlutr; engi gaumr var þá gefinn hennar spám. Var þá búinn herinn, ok var Alexandr höfðingi ferðarinnar, ok leystu þeir flotann ok það Príamus goðin beina ferð þeirra. Ok er þeir komu ner eyju þeirri er Ceream hét ok Menelaus réð fyri, þá mættu þeir Menelaus, er hann ætlaði at fara til Pilum á fund Nestóris ok spurði Menelaus, hvert Alexandr skyldi, en hann lést fara at skemta sér. Menelaus bauð honum til sín, ok sagði drotnínguna heima vera at fagna þeim, ok það hann þar hafa hvat er hann vildi. Þeir

Alexandr tóku Ceream en í þeirri eyju var mikil hofs hælgi, ok stóð hofit ner sjó; ok er Elena, kona Menelaus, frá, at þessi hinn ágæti konúngs sun var þar við land kominn, þá fór hon til hofsins, at vegsama goðin; henni var ok nokkr forvitni at sjá þetta hit útlenzka fólk, er svá mikil frægð fór af. Hon var fríðust allra kvenna í veröldinni. Henni var ok sagt, at Alexandr mundi hana heimsækja, ef eigi yrði áðr þeirra fundr.

16. Nú var sagt Alexandr, at Elena var komin til hofsins, þá ferr hann þángat með dýrlegum fórnnum ok leizt hvárutveggja þeirra vel á annat er þau sázt ok tóku þau tal sín á millim. Alexandr kastar gullepli í kné Elenu, en þessi orð voru rituð á eplinu: ek sver þess við goðin at ek skal Alexandr giptast ok vera hans drottíng héðan af. Hon roðnaði við, er hon kvað þetta upp allt saman, því at þat þorði enginn at rjúfa, er í hofinu var heitit. Hon þóttist vera svikin, ok kallaði þat ekki eiga at haldast, er maðr mælti úvitandi ok úviljandi, en Alexandr kallaði þetta orðit at vilja ok tilstilli goðanna, er ekki dugði í móti gera, ok sagði hana fyri þeirri reiði verða mundu, ef hon ryfi við þau heilug særi. Hann gekk þá brott or hofinu ok til skipa, en um nóttina gengu þeir til hofsins ok tóku brott

Elenu, ok nokkorar konur með henni, ok báru á skip. En er borgarmenn urðu varir vit brottöku hennar, þá herklæddust þeir ok vildu sækja eftir henni, ok tókst þar bardagi, ok lýkr svá at landsmenn féllu ok flýðu, en Alexandr hafði sigr, ok fóru brott vit svá búit ok léttu eigi fyrr sinni ferð, en þeir komu heim í Tróju, ok tók Príamus konúgr vit þeim feginsamlega, ok þikkir vel árnast hafa ok kvazt ætla at Girkir muni nú eigi betr una við sinn lut, en þeir hafa áðr unað, ok vettir mik, at þeir sendi nú heim Hesíónem systur mína. Elena var fyrst lánga ríð úkát, en tók um síðir at gleðjast við umtölr Príamus, ok var þá gerð samförr þeirra Alexandrs ok tókust þar brátt ástir miklar. Kasandra er Tróan hét öðru nafni, varð stygg við, er hún fann Elenu, ok sagði at af hennar þángaðkvámu mundi þeim leiða allan úfagnat. Príamus var reiðr við spár hennar, ok bað hana byrgja eina í húsi, ok svá var gert.

#### Herferð til Tróju.

17. Nú er at segja, hvat tíðinda var í Girklandi, er Menelaus frétti brottöku Elenu ok manna-dráp þar, er þar höfðu orðit at hans herbergjum. Þá sendu þeir Nestor orð Agamemnon konúngi, bróður Menelaus, ok er hann kom

þar þá huggaði hann bróður sinn ok lýsti því, at hann mundi gera her til Tróju, ok bjóða þeir þegar út leiðangri af öllu Girklandi. En er herinn var saman kominn, þá tóku þeir ráð at gánga til fréttar við goðin, í þann stað er Delpus hét, þat goð er þar var blótað var kallat Apolló. Þar mátti ekki ljúga; til þeirrar ferðar réðust þeir; hinn ágæti Akilles ok Patrokus, ok er þeir komu þar, gengu þeim svá fréttir, at Girkir mundu sigr hafa, ok Trója mundi á tíunda ári unninn verða. En í öðrum stað sendi Príamus konúgr Kalkas, sun Nestoris í Delpus til fréttar, en þau svör komu í móti at hann skyldi ganga í lið Girkja, ef hann vildi halda virðing sinni ok því rézt hann í lið með Akille ok fóru þeir síðan heim aftr til hersins, en Príamó komu engin orð um fréttina, hversu farit hefði. En er Girkir voru búnir í höfn þeirri er í Athenis heitir, höfðu þeir iij skip hins xj tugar hins xij hundraðs, þeir létu í haf, ok tóku þar land, er Tenedon hét, ok ræntu þar fé ok drápu menn. Agamemnon var konúgr yfir her Girkja, en þessir váru ágætastir menn með honum; Menelaus, bróðir hans Akilles ok Patróklus, fóstbróðir hans Palamídes, Diómedes. Ajax Telepus; Úlixes ok Nestor vóru spekingar mestir í her þeirra. En er Girkir voru



við land komnir, sendi Agamemnon Diómédem ok Úlixem á fund Príamus ok beiddi at Elenu skyldi lausa láta, en leita síðan sáttum saman at koma, en Príamus neitti því þverlega.

18. Kríseus hét sá maðr, er þjónaði því goði er Delpus hét. Agamemnon konúngr tók dóttur hans ok at úvilja hennar, Kríseus undi henni svá mikít, at hann mátti ekki af henni sjá, ok því hét hann á goðit, at þat skyldi senda aftr dóttur hans, ok því kom drepsótt í lið Girkja ok yfir allar þeirra herbúðir, ok varð svá mikít mannfal af þessu drepí at iij mílur voru þat á alla vega, er eldar einir voru, þeir er menn brendu líkami dauðra manna, sem þá var siðr. Þeir gengu þá til fréttar við goðin, ok urðu þeir þá vísir, var hon þá heim send ok varð Kríseum faðir hennar því stórfeginn. En er þeir komu aftr, er sendir voru til Príamus, ok sögðu sín erindi, þá lét Agamemnon konúngr blása um allan herinn, at herklæðast skyldi ok sækja til borgarinnar, svá sem sólin var uppkomin, ok sóttu þeir nú til borgarinnar Tróju, ok þenna morgin sá Príamus at svá var í heiðskíru, sem regnbogi er veri at sjá yfir allri borginni, ok því þóttust þeir vita at Girkir mundu á ferð komnir, ok því lét hann útblása öllum herinum af Tróju í móti Girkjum. Próteselus sótti harðast

fram á hendr Trójumönnum, ok fóru Trójumenn á hæl, ok féll þar mart af þeim. Þá réðst Ektor í móti honum ok felldi hann, ok kom þá flótti í þat lið, er honum hafði fylgt, en Ektor hvarf þá aftr til borgarinnar, en bardaginn hélzt eftir. Þá kom Akilles til með sína sveit, ok kom þá flótti á Trójumanna lið, ok rak hann flóttann allt at borginni, ok sleit þá nótt bardagann.

19. Eftir um morgininn kom Agamemnon konúngr með allan herinn, ok setti herbúðir sínar á völlum hjá borginni, ok lét gera virki um ok grafa díki um. Sá þeir þá at Trója var svá sterk, at engi von var at hon mundi unnin verða, meðan fólk væri til að verja hana, en þegar annan dag eftir gekk Ektor út af borginni með fylktu liði, en Agamemnon konúngr í móti með Girkja her, ok varð þar hin harðasta orrosta. Kom þá brátt mikít mannfal. Ektor gekk fram rösklega ok drap menn á báðar hendr. Þá réðst í móti honum Menon, ok áttu þeir víg saman ok fjell Menon. Nú vill Ektor fletta hann, ok í því kom at Menesteus ok sótti fast Ektor, ok særði hann á fæti. En er Ektor hafði sár fengit, þá var hann myklu ákafari ok hjó bæði stórt ok hart, ok hefði hann þá öllum Girkjum fyri komit, ef eigi gengi þá í mót honum Ajax ok börðust þeir lengi ok kom hvárgi



sári á annan, ok er þeir höfðu barzt um rið, kendust þeir við, at þeir voru frændr ok systrasynir, ok lét Ektor þá stöðva lið sitt, ok gáfust þeir frændur gjöfum ok mæltu til vinnáttu, eftir þetta beiddu Girkir griða ij vetr, en Trójumenn hétu því, ok voru þá grið sett ok vel haldin. Voru þeir þá grafnir, er drepnir voru.

20. Í þann tíma vandaði Palamedes mjök um við Agamemnon, er hann skyldi konúgr vera yfir öllum Girkja her, ok kallaði hann enga forsjó fyri slíku stríði kunna at hafa, ok mæltu þat margir, at því talaði hann slíkt, at hann vildi konúgr vera, en mönnum var ekki um þat umskifti, ok var allt sem áðr. En er ij vetur voru liðnir, kom þeirra orrostutími, ok lét Agamemnon konúgr útblása öllum her Girkja, ok með honum Akilles ok Díómedes ok Menelaus, en fyri Trójumanna liði var Ektor ok Eneas ok Tróilus, ok varð þá hin ákafasta orrosta ok mikit mannfall. Ektor felldi þessa höfðingja. Bóetem ok Archílokum ok Prótenórem, ok sleit nótt bardaganum. Agamemnon konúgr hafði þing á þeirri nótt, ok eggjaði herinn fræknlegrar framgöngu, ok bað menn mest sækja Ektor, ok sagði hvers honum var at hefna, kvað honum þá þikkja öll borgin unnin, ef hann er drepinn. Menelaus lét fara orð um, at hann vildi berjast við

Alexandr í einvígi; kvað úsannlegt, at svá margr maðr gyldi saka þeirra, er vit eigumst við. En er Alexandr frá þessi orð, þá vildi hann gjarna at þeir fyndist, en Elena latti hann þess, ok kvað þat ekki hans færi, ok mun þik allt við hann skorta, utan hug. Annan dag eftir stýrðu þeir Akilles ok Díómedes Girkja her til móts við Trójumenn, en í mót þeim Ektor ok Eneas, ok tókst þá mikil orrosta ok mikit mannfall. Ektor felldi í þeirri atlögu vij hertoga af Girkja liði, en Eneas ij; Akilles felldi iij hertoga af Trójumönnum en Díómedes ij. Brá Agamemnon konúgr þá orrostu ok undi við illa, er hann sá slíkar úfarar sinna manna, en Trójumenn undu vel við. En annan dag eftir gengu Girkir allir af herbúðum sínum. Eggjaði Agamemnon konúgr þá sína menn í ákafa á Ektor ok Trójumenn, en þeim í móti Trójumenn, ok var sú orrosta svá hörð ok grimmleg at henni létti eigi lxxx daga í samt; gengu menn þá fram rösklega hváirtveggju, ok lífði hverr sér ok sínum félaga sem mátti, en á hvern dag féllu margar þúsundir manna, ok var eigi tóm til at grafa. Þá sá Agamemnon konúgr at eigi mátti svá lengr vera, ok sendi hann þá Úlixem ok Díómedem til Príamus konúgs með sættarboðum, ok var þá

friðr settur um iij vetr ok skyldu þá hvárir auka sinn viðrbúnaðr, sem vildu. Héldu þeir ok svá vel grið sína, at eigi var öðrum hætt, þó at föðurbana sinn fyndi, ok áttust þeir jafnman mart við, þegar friðartímar voru; bjuggust nú ok við hváirtveggju sem bezt máttu.

21. Ok er iij vetr voru liðnir, kom orrostu-tími, ok héldu þeir út her or Tróju Ektor ok Tróilus ok Eneas ok Mennon, en á móti stýrði Girkja her Agamemnon konúngr ok ok Menelaus ok Akilles ok Díómedes, ok tekst þá hinn harðasti bardagi, ok þá felldi Ektor þegar í öndverðri orrostu Philippum ok Antippum ok Maríónem, en Akilles felldi Lícaonem ok Eyforbum, ok féll þá fjöldi manna af hváru-tveggju liði, ok börðust þá í sífellu xxx daga. Þá voru enn grið sett um vj mánuði. Eftir þat var harðr bardagi ok mannskæðr xij daga, ok féllu þá margir kappar af hvárumtveggjum. Þá beiddi Príamus griða ok voru þá grið sett xxx daga, lík at grafa ok sár manna at binda. En er orrostu-tíð kemr, þá á Priamus konúngr þíng, ok setr Ektor hertoga yfir öllum her Trójumanna, því at Príamus konúngr var þá gamall. Latur Ektor þá lúka upp liðum á Tróju, ok bað nú alla menn ganga út af borginni, ok svá var gert. Þeir fylktu öllum sínum her.

Svá er sagt at engi riddari í heiðninni hafi ágætari verið, at öllu því er karlmaðr skal til röskeiks hafa, en Ektor. Með honum var Paris Alexandr; hann hefr fegrstr manna verið skapaðr í veröldina, annar en Afsalon, sun Davíðs konúngs, ok nú stóðu þessar fylkingar Trójumanna ok Girkja á einum velli, ok búnir at berjast. Þá sá Alexandr Menelaus standa gegnt sér í fylkingu með grimmleru andliti ok ógrlegum vöpunum. Þá brást hann millim manna sinna, svá sem hann ræddist, svá sem þá er maðr sér váveiflega. Þetta sá Ektor ok mælti: heyr þar eilífa úfrægð, er þú skalt nokkut ræðast, eða venda bak móti úvini þínum í orrostu, ok eigi ræddist þú fyrr at ganga í brúðhvílu konu hans, þá er hann var hvergi ner. Hví flýr þú nú eða ræðist afl hans eða hvöss vápn hans, nú máttu hér sjá margan góðan dreng hella út sínu blóði fyrri þínar sakir. Réttara væri nú at þú gengir einn fram á vígvöllinn ok hann í móti þér, ok þreyti þit ij með ykk, en sá ykkar er læzt, veri yfirkominn, en sá er þá lifir eftir, hafi heimalegu ást Elenu, svá at hvárki banni þat Girkir né Trójumenn. Þessu játti Alexandr. Þetta eyrindi flytr nú Ektor, ok játta þessu allir höfðingjar, ok festa nú þetta báðir konúngar með svardögum. Nú ganga þeir fram á víg-

völl Menelaus ok Paris ok ljóp hvártveggji öðrum í gegn djarflega. Alexandr skaut spjóti í móti Menelaus, ok kom á hann miðjan, ok hefði þat verit hans bani, ef eigi hefði sjöfaldleg brynja hans líft honum. Þeir sækjast grimmliga. Menelaus höggur af mikilli reiði í hjálm Alexandrs svá mikit högg, at sverðit flaug í sundr í ij, ok er Girkir sjá Menelaus vápnlausan, þótti þeim hann ráðinn til bana ok hörmuðu þat stórmjök. Ok þó at Menelaus hefði mist sverðs síns, þá var þó hugrinn urugr, hann ljóp at Alexandr ok þreif í hjálminn svá fast, at Alexandr féll allr til jarðar. Menelaus dregr þá Alexandr, ok heldr í hjálminn, til Girkja hers, allt þar til er hjálmböndin gengu sundr, þá varð Alexandr laus, ok ljóp hann þá til sinna manna, ok þat er heiðinna manna trúa at Freyja tæki Alexandr ok beri hann í borgina til Elenu. Nú leitar Menelaus ok Agamemnon konúngr Alexandrs ok finnst hann eigi. Þeir biðja nú Trójumenn halda sáttmál sitt ok svardaga, at fara inn í borg sína ok fá Elenu í hönd Menelaus. En hinn sterki Pandarus skaut þá til Menelaus, ok varð þat mikit sár, ok banvænlegt, var hann borinn til herbúða sinna, við þetta varð Agamemnon konúngr mjök reiðr, ok tókst nú orrosta hin ákafasta ok hin sterkasta, er menn hafa

sögur af. Féllu þar svá mörg hundruð manna, at útal var, ok flóðu allir vellir í blóði. Þeir berjast nú þann dag allan til kvelds ok falla margir höfðingjar af hvárumtveggjum.

22. Annan dag fara hvárratveggju höfðingjar allir til bardaga utan Akilles, hann var í herbúðum ok lék strengleik fyrri goðum þeirra, ok vildi svá blíðka hugi þeirra til sigrs við Girkja, ok varð þann dag hinn harðasti bardagi, ok skilja um kveldit; en um nóttina eiga Trójumenn þing í borginni, ok er þat ráðit at senda menn til Girkja ok bjóða þeim at Elenu sé send til Menelaus bónda síns, ok allt þat herfáng er Alexandr flyttri af Girklandi, enda fari Girkir þá brott or Frigfa landi. En er Girkir heyra þessi boð, þá neitar Menelaus því þverlega ok kvezt nú aldrei skuli léttu, fyrr en öll Trója verri niðr brotin, ok er Ektor heyrir sögð hans eyrindis lok... Eftir um daginn gera Girkir stór bál, ok brenna valinn eftir siðvenju, ok er sá dagr var liðinn, ok annarr kom, þá hófu þeir bardaga at nýju. Svá er sagt, at Ektor gengr svá í gegnum her Girkja, at allt flýr undan honum, hvar sem hann ferr. Hann hefir allar hendr blóðgar upp til axlar. Flýðu þá Girkir til herbúða sinna, þeir sendu þá orð til Akilles, at hann komi til liðs við þá, ok hjálpi þeim, en Akilles neitar þverlega, fyrri

þá sök at Agamemnon konúgr hefir tekið af honum Briseidam ok varðveitt. Hann býð þá at fá hana aftr úspillta Akilles ok svá mikit fé sem sjálfr hann vill, en hann segir at hvárki teygir hann til liðveizlu við Girki gull eða silfr ok eigi ást til Briseidam. Ok annan dag taka þeir enn hváirtveggju til bardaga. Ektor gekk þá enn hart fram með sína menn, svá at nú flýr enn allr Girkja herr undan, ok sækir til herbúða sinna. Trójumenn sækja fast eftir ok drepa þá hundruðum ok kasta þeim í díkin. Eftir þat flýja Girki á skip sín, en sumir laupa á kaf. Nú ákafast Ektor af nýju, þá kastar Ajax Telamonius sun Hesíónem, dóttur Príamus steini til Ektor ok var þat, svá mikit högg, at hann féll ner í úvit ok er hann vitkaðist, var hann allra ákafastr ok drap þá fólk á tvær hendr. Þá drap Ajax í þeirri svipan V hertoga af Trójumönnum, ok falla Trójumenn nú þykt, ok svá lýkur þeim bardaga, at Agamemnon konúgr flýr á skip ok herr hans.

23. Einn höfðingi Girkja sá er Patróklus hét fóstbróðir Akilles, ok hinn mesti ástvinr. Hann hafði þenna dag haft herklæði hins frækna Akilles, ok er hann sér úfarir Girkja, ok at þeirri ófæru var komit at Trójumenn mundu brenna skip þeirra, þá æðist hann ok

sækir upp á ströndina. Hann sækir ákaflega at Trójumönnum, ok af því at hann var svá mikill kappi, þá hræddust Trójumenn ok hugðu þar mundu vera hinn ágæta Akilles ok flýja þeir nú. Ok er þetta sjá Girki, sækja þeir á land ok reka Trójumenn. Patróklus drepr ógrynni mamms, hann drepr ok þann höfðingja er Sarpedon hét; ok er Ektor sér flótta Trójumanna, leypur hann um herinn ok mælti svá sem ávitandi: þú hinn mikli Akilles! hví sækir þú ústerkar fylkingar Trójumanna? snú móti mér ok reyn hversu sterk mín hægri hönd er. Ok er Patrókles heyrir orð hans, þá snýr hann á móti ok berjast þeir, ok lýkur svá at Patróklus fellr, en hinn mikli Ektor fletti hann vápnum, ok er Ajax sér þetta, leypr hann at ok tekr líkit. Þessum atburð fagna Tyrkir, en Girki harma, ok er Akilles heyrði fall Patróklus þá lagðist hann á jörð, ok bar mold í höfuð sér, ok reif af sér klæði sín, ok kysti líkit ok mælti: þú hinn mikli ok hinn máttugi Ektor, er vegr ok prýði er alls Frigíalands! svá sem nú erttu glaðr af sigrinum ok lofaðr af öllum Tyrkjum, þá skaltu skjótt fá þess nekkíng. Hann þrífir nú vörn sín ok leypr nú fram í herinn miðjan, honum mætir þegar hinn frækni Eneas; Akilles særir hann mörgum ok stórum, ok ef Eneas hefði þá

ekki undan snúit, þá hefði eigi trúversk ætt upp hafizt ok eigi sjálfir keisararnir sínar ættir átt til hans at telja. Akilles ferr nú sem leó í sauða dyn um her Tyrkja, ok nú kemr at nýju ræzla á Tyrki ok flýja nú margir til borgarinnar, ok láta gæta sín hina styrkju steinveggi, ok veita þaðan vörn, en Akilles ok Girkjir sækja at.

24. Svá segir meistari Dares at Andromaka kona Hektóris, at þá er hon vaknaði þessa nótt, at hon sagði drauma sína, ok kvað þá vera forpsá fyri bana Ektors ef hann gætti sín eigi þann dag, at þá mundi hann lángan aldr lifa, en Ektor kvazt ekki hirða um kvein hennar ok kvað bana sinn vera jamljósan þann dag sem annan. Þá fór Andromaka til Príamus konúngs ok sagði honum drauma sína ok svör Ektoris, ok þegar fór Príamus konúngr ok allir hinir stærstu höfðingjar, ok báðu Ektor gæta sín einn dag, ef spádómurinn sagði, at þá man duga mörg ár, ok fyri bæn þeirra veitir hann þat, ok fékk vápn sín Elenus bróður sínum, ok skyldu þeir vera höfðingjar Trójumanna. Alexandr ok Elenus Tróílus, Eneas ok Menon, en Ektor var eftir með föður sínum. En við þessa dvöl voru Girkir komnir, ok skipuðu öllum sínum fylkingum ok biðu svo Tróju-  
manna. Ganga Trójumenn þá út af borginni

ok verðr þá enn snörp orrosta ok brátt þikkjast Girkir finna at Ektor var eigi sjálfr í herklæðum sínum, ok gánga nú fram hálfu djarflegar, ok fella þeir Akilles ok Ajax ok Díómedes marga hertoga af Tyrkjum, en sumir flýja ok æpa Girkir þá mikit sigróp, ok er Ektor heyrir ópit mikillar orrostu ok sér at Tyrkji flýja, en sumir eru drepnir, þá herklæðist hann skjótt ok týr þá engum manni at letja hann. Leypur hann út af borginni ok til orrostu ok kallar ógurlega ok eggjar Tyrki, ok biðr þá aftr snúa ok verja sik, ok er allir kenna hann þá snúa allar fylkingar Tyrkja aftr djarflega móti Girkum, en sjálfr hertogi Ektor var allra framast ok hjó til beggja handa, ok í fyrstu atgöngu drap hann þann hertoga er Ídóneus hét, ok þegar eftir ij aðra. Hann drap ótal Girkja á lítilli ríð ok berst nú allr herinn í ákafa bæði Girkir ok Tyrkir. Nú sér Akilles hvat Ektor gerir, ok vildi gjarnan ná honum, en fylkinguna reiddi ýmsá vegu, ok náðust þeir eigi svá skjótt, ok drap Ektor ágætana höfðingja er Volúcrontem hét, ok í þessu mætast þeir Akilles ok sparir hvárgi stór högg við annan, ok hefst þar hit ágætasta einvígi er getið er um í fornum sögum at verit hafi, ok sýnist nú hvártveggji þeirra úlíklegr til þess að verða sigraðr, ok svá títt höggva þeir ok leggja at

varla mátti grein sjá. Nú vilja hvárirtveggju, Girkir ok Tyrkir, at fulltingja sínum kappa, ok falla nú menn af hvárumtveggjum, ok er þeir höfðu lengi barist, þá fær Akilles sár af spjóti Ektoris í lærit, ok því veik Akilles þá fyrst undan ok lét binda sár sitt. Ektor hefir nú framit einvígi við hinn ágætasta kappa, Girkja ok hefir hann undan veitt, en þó at allir Tyrkir lofi hann þá lifir hann sér eigi at heldr, ok höggr hann nú á tvær hendr ok drepr marga höfðingja fyrir Girkjum, ok verðr hann nú ákaflega móðr. En er Akilles hefir bundit sár sitt, ferr hann aftr til orrostu ok sér at Ektor hefir drepit fjölda manns, þá leypr Akilles at Ektor, en Ektor var þá stórlega móðr, ok nú bregðr svá fyri augun, sem þar standi hjá honum Deiphobus, bróðir hans, ok veitti Ektor sér af honum liðveislu, en þessi sjón var sem nokkurskonar dauða tákn, ok gánga þeir þá enn saman, ok berjast með ákafri sókn, ok nú finnr Ektor at mæðinn hefir tapað fyri honum aflinu, ok lítur nú á lið sér, vætti nú liðveislu Deiphobus bróður síns, ok sér hann nú hvergi, ok í því leggr Akilles sverðinu í kverkina, ok var þat banasár Ektoris. En þó at allir menn í heiminum, þeir er hann sá eðr sögur heyrðu af honum, hugðu, at hann mundi aldri af neinum manni unninn verða í einvígi, þá dró nú til

hvártveggja. Þat fyrst, at hann barðist við þann kappa er ágætastr var í her Girkja, ok þat annat, at hann var svá móðr, at hann hafði eigi fullt afl sitt at verja sik, það hit iij, er hann hafði eigi sín hin ágætu vápn, þat hit iiij er nógt var, þó at ekki væri hinna, at hann mátti eigi komast yfir stundina dauðadægrs síns. Nú máttu Tyrkir þar sjá sín aldrög, ok eydda hjálp ok vörn Trójuborgar; þetta grétu Tyrkir, en Girkir fögnuðu. Þá mælti Ektor: Þú Akilles hefir vegit mikinn sigr, ok ger nú drengilega ok gef lík mitt frændum mínum, ok þar í móti mantu þiggja góðar gjafir í gulli ok silfri. Þá svarar hinn ágæti Akilles: því síðr skal ek gefa líkama þinn frændum þínum, at meiri von er at ek rífi þinn líkama allan í sægi sundr, ella skulu hræfuglar rífa hræ þín; ok eftir þessi grimmlegu orð, andast Ektor, ok tala allar fornar bækr á eina lund, at hann hefir verit ágætastr maðr af sjálfum sér. En eftir fall hans flýja allir Trójumenn í borgina, ok byrgðu hana, sterklega. Þá lét Akilles taka lík Ektoris ok binda við kerru hests síns ok draga iij sinnum um borgina.

25. Nú gráta menn dauða Ektoris ok þat eigi síðr er þeir sá fyri auðn borgarinnar, ok sjálfa sik þrotna vera at vega sigr á Girkjum,

ok dauða sjálfra þeirra er þá lifðu; Akilles lét veglega jarða Patróklus, en síðan lét hann draga lík Ektóris umhverfis leiðið, ok sýndi svá öllum Girkjum hversu hann hafði hefnt þans, en svá mikill grátr var nú í Tróju, at saman bar hljóð grátanna um alla borgina, en Príamus var svá ákafr, at hann leit eigi aftr til hinna dýrlegu suna sinna, ok eigi hræðist hann dauðann, heldr gekk hann vopnlaus í herbúðir Girkja ok eigi hræðist hann hinn grimma Akilles. En er Girkja höfðingjar sjá hann koma fyrir Girkja höfðingja, þá féll hann allr til jarðar ok rétti hendr sínar til himins, ok mælti: heyr þú Akilles styrkr allr Girkja ok úvinr várs ríkis! þik einn ræðist afl ok styrkr tróveskra manna, ok mín elli má við kannast at engi man vera þér grimmari, en þó bið ek þik, at þú miskunnir harmi mínum, ok tak gull ok gersimar í móti líki Ektóris sunar míns, en ef þú vilt eigi mýkja reiði þína fyrir bæn mína ok eigi fyrir fégjafar, þá herð þína hægri hönd ok lát mik fylgja hinum ágæta syni mínum til helvíta ok eftir þessar harmatölr náði hann líki sunar síns ok var þat jarðat með allri sæmd at þeirra sið.

26. Ok er þetta var tíðinda, kallaði Palamedes til þess annan tíma, at vera konúngr yfir Girkjum, ok sótti alla höfðingja at þessu,

en talði, at Agamemnon kynni enga herstjórn. Agamemnon hafði þá þíng við Girkja, ok bað þá fyrir sjá um konúngs tekju, ok sagði sér enga meingerð í þó at annars væri freistat, ok var þá Palamedes til konúngs tekinn. Akilles líkaði illa konúnga skiptið ok kvað eigi vel vegna mundu, tókst nú orrosta af nýju; var Deiphobus fyrir Trójumönnum, var þá orrosta mjök marga daga, ok féllu þá margir höfðingjar ok fleiri af Príamó, ok beiddu þá Tyrkir griða, ok voru þá grið sett um ij vetr. Þá sendi Palamedes Agamemnon eftir vistum til Misceam. Efldu þá hvárir af nýju sín vígi. Ok ártið Ektóris. Þá sá Akilles Pólíxenam, dóttur Príami, ok unni hann þegar í hjarta sitt henni, svá at hann gáði enkis ok eigi reis hann or rekkju, en aðra nótt sendi hann mann til Hekúpu at biðja Pólíxenam til handa sér, ok bað hann því heita með, at hann mundi heim fara, ok kvað þar eftir mundu gera margir höfðingjar. Hekúpa flutti þetta mál við Príamus, en Príamus kvazt gefa mundu Akilles dóttur sína, ef friðr tækist, ok hyrfi allir Girkir brott, en kvazt ekki gefa mundi honum í úfriði, en er Akilles frá þetta, þá taldi hann þat fyrir Girkjum, at þeir skyldu heim fara, ok hversu mikit hlaut af einni konu ok hversu margar þúsundir manna fallit hafa, en þó varð þat ekki, at þeir



vildu brott. En er griða stund var liðin, þá leiddi Palamedes Girki til orrostu, en Deiphobus Tyrkja her til móts; Akilles fór ekki til bardaga; þeir sóttust þá mest stjórnarmenn voru hersins, ok lauk svá at Deiphobus féll fyrri Palamedem, ok þá féllu af hvárumtveggjum margar þúsundir, þá drap Palamedes annan höfðingja er Sarpedon hét, ok í því skaut Alexandr í óst Palamedes ok féll hann, ok sóttu þá Trójumenn hart fram, en Girkir flýðu til herbúða, en Trójumenn sóttu að þeim í herbúðirnar ok brendu mörg skip þeirra ok sleit þá nótt bardagann.

27. Í þann tíma var heim kominn Agamemnon, ok var þat nú ráð allra Girkja at taka hann til konúngs, ok var nú svá gert; ok annan dag heldr Agamemnon konúngr öllum her til bardaga, en Tróilus gekk þá fast á hendr þeim Girkjum ok felldi fyrri þeim marga höfðingja, ok var þá orrosta í vij daga ok féll Girkjum þúngt, ok voru þá grið sett um ij mánuðr, þá sendi Agamemnon Úlixem ok Nestórem til Akilles, at telja um fyrri honum, hversu auvirðilegt var slíkum kappá at gánga eigi í orrostu ok verða svá at skömm, en er þeir töldu þetta fyrri honum, neitti hann at gánga í orrostu, en talði þat fyrri þeim, hver heimská þeim væri at berjast einart fyrri sakir einnar

konu. En er Agamemnon heyrði svör hans, þá spurði hann ráðs Girki, hvárt nokkut skyldi sinna orðum Akilles; en Menelaus segir, ok bað eigi orrostu bregða, þó at Akilles vildi eigi ner koma; sagði þá engan jafmstyrkan eftir sem Ektor var, en Úliexes fýsti sætta, ok kvað Tróilus eigi óstyrkra en Ektor, ok kvað úsýnt, hvárir sigrast munu. Kalkas spámaðr latti sætta, ok kvað þá sigrast mundu þó at gáangi Trójumönnum betr. En er orrostutíð kom, þá stýrði Girkja her Agamemnon ok Menelaus, Ajax ok Diómedes, ok tókst þá harðr brdagi ok særði Tróilus Menelaus ok kom Girkjum á flóttu, ok sleit þá nótt bardagann. Eftir annan dag börðust þeir, ok særði þá Tróilus Agamemnon ok Diómedem, ok þá felldi hann fjölda af Girkjum, ok var þá hörð orrosta nokkura daga. Þá váru enn grið sett um vj mánuði. Þá fór Agamemnon ok Nestor til fundar við Akilles ok báðu hann fara til orrostu með þeim, en hann neitti því ok fýsti þá sætta, en hét at fara skyldu riddarar hans. En er orrostutíð kom, þá tókst þar harðr bardagi. Tróilus gekk fast á hendr Girkjum, ok öngum meirr en riddurum Akilles, er Mirmidóne voru kallaðir ok flýðu þá Girkir, en Ajax einn var sá, er Tróilus fékk ekki fáng á. Eftir þat var barizt marga daga, ok varð



mikit mannfall, ok vazt meira á lut Girkja, ok beiddi þá Agamemnon gríða um xxx daga. Ok er sú tíð var liðin, þá tókst mikit mannfall, því at Tróilus var þá allra ákafastr, ok sótti mest á menn Akilles, þar til er þeir flýðu, ok er Akilles sér úför sinna manna, þá ljóp hann upp ok þreif vápn sín ok fór til bardaga með mikilli eggjan. Þá var særðr hestr til bana undir Tróilus. Þá ljóp Akilles í mót Tróilus, þeir höggvast til í ákafa, ok lýkr svá, at Tróilus fellr, en Akilles verðr sárr mjök, þá kom at Menon, ok særði Akilles, ok tók af honum lík Tróilus. Þeir Menon ok Akilles sóttust marga daga, ok varð Menon særðr til ólífis ok lést af því. Trójumenn flýðu þá allir í borgina ok létu hana geyma sín.

28. Hekúpa fylldist upp fjandskapar við Akilles af drápi ij suna hennar, Ektor ok Tróilus. Hon hugsaði þá at svíkja hann, ok Alexandr, sun hennar. Hon sendi þá orð leynilega Akilles, at hann kæmi á þeirri sömu nótt, til sólargoðshofs, er stóð utan borgina, ef honum væri jammikill hugr á at eiga Pólixenam, sem hann hafði áðr látið, ok þá mundu þau þetta mál semja með sér, ok gera frið sín í millim. Akilles sótti þenna fund. Alexandr var í hofinu með mörgum mönnum vel vápnuðum, ok leyndist þar; ok að ákveðinni stundu gengu

þeir Akilles ok Antelokus, sun Nestóris hins spaka í hofit hlífarlausir ok höfðu sverð í höndum, ok þegar veitti Alexandr þeim atgöngu ok hans menn, en þeir Akilles vöfðu mötlum um vinstri hönd sér, en vágu með sverðum, ok felldu þeir Akilles marga menn, en þó urðu þeir ofrliði bornir, ok féllu þeir Antilokus þar báðir, ok bar Alexandr bana orð af Akilles ok bað hann líki hans út kasta fyrri dýr ok fugla, en Elenus bróðr hans vill þat eigi ok var hann því fenginn Girkjum ok lét Agamemnon konúngr búa veglega gröft hans. Þá voru send orð eftir Neoptúleno er Pirrus hét öðru nafni, syni Akilles, at hann kæmi ok hefndi föðr síns. En er gríða tími var liðinn, tókst þá enn bardagi at nýju ok var Ajax í öndverðri fylking hlífarlaus, ok vann mörgum manni skaða. Alexandr særði hann með skoti í síðu, en er Ajax fékk sárit, sótti hann Alexandr í ákafa, ok létti eigi fyrr en hann felldi hann. Ajax var ok sár borinn til herbúða, ok dó hann þá er örinn var tekinn úr sárinu. Alexandr var ok dauðr borinn inn í borgina ok lét Príamus grafa hann virðulega; flýðu þá ok allar fylkingar Trójumanna í borg ok luku hana aftr. Elena sýtti alla æfi sína síðan dauða hans. Annan dag gekk Agamemnon konúngr með Girkja her allt at borginni, ok

eggjaði þá útgöngu til orrostu, en engi maðr gekk út, ok bjuggust þeir þá enn við í borginni eftir föngum.

### Svikin Trója.

29. Í þann tíma kom kona sú til móts við Príamus er Pentisílena hét með miklu liði, hon vá sem karlar, margt var kvenna með henni, ok váru kallaðar Amazóne. Ok er hon kom, þá gekk Príamus út af borginni ok var þá enn barizt nokkra daga, ok gekk þá Girkjum þungt ok koma þeir oft á flóttu, ok fengu Trójumenn þá nokkurar herbúðir, ok brennt nokkur skip. Í þann tíma kom Neoftúlemus til liðs við Girki, ok tók vápn Akilles föður síns með miklum harmi, ok er hann kom, þá var harðr bardagi nokkura daga, ok var þá enn mikit mannfali. Þá sóttust þau í ákafa Pirrus ok Pentisílena, ok drap hann hana, en hann varð sár á hendi; flýðu þá Trójumenn ok komust með nauð í borgina, en Girkir settust þá um borgina ok létu þá eigi ná út at gánga. Þá áttu höfðingjar þing í borginni, ok bað Príamus þá til leggja, hvern þat er líkast þætti, því at svá má eigi lengi standa. Þá mælti Antenor: stór skörð eru orðin á várum fulltingismönnum, Ektor fallinn ok aðrir várir kappar, þeir er nú eru engir því líkir eftir,

en í þeirra liði eru drjúgum allir eftir enir sterkustu, en vér nú inni byrgðir, ok ner enskis sjálfráða, sýnist oss þat nú ráð, er Alexandr er fallinn at Elena sé fengin í vald Girkja, ok mætti svá friðr verða. Þá stóð upp Amphimakus, úngr sun Príamó, fullr kapps. Hann ámælti Antenor ok öllum þeim er sætta fýstu, ok kvað þeim hugleysi til gánga, ok lézt hvártveggji góðr þikkja sigr ok bani, ok bað hann menn út gánga, ok berjast til þrautar. Þá stóð upp Eneas ok fýsti sætta, ok er hver höfðingi hafði mælt þat er vildi, þá stóð upp Príamus ok talar af miklum harmi, ok ámælti mjök Antenor ok Eneam, ok öllum þeim er sætta fýstu, ok þótti Antenor skamt mál í munni verða, svá mjök sem hann fýsti ferðar til Girklands, ok var í för með Alexandr ok sótti Elenu, ok fýstu í öllu rána ok hernaðar, en nú vill hann biðja friðar fjandr vára, þá er vér eigum allt íllt at launa. Lauk hann svá sínu máli, at hann kvast aldri skyldu sættast, meðan líf hans væri, ok bað þá alla vera búna út at gánga af borginni ok lét þá svá luka skyldu þeirri orrostu at hann hefði sigr eða felli ella í fullum veg sínum, eftir þat sleit þingi.

30. Príamus konúgr heimti sun sinn Amphímakum á tal ok kvað sér grun mikinn á vera um þá menn, er mest fýstu sætta, at

þeir mundu svíkja hann, ef eigi tækist friðr eftir þeirra vild, ok annan dag kvazt hann muni stefna þeim öllum í höll sína til snæðings ok umráða, en Amfímakus skyldi þá koma með her ok taka þá. Ok á hinum sama degi, höfðu þeir launfund með sér, Antenor ok Pólídamas, Delon ok Eneas ok aðrir höfðingjar, þá inti Antenor til þess fyrst, hverja þrályndi konúgr sýndi í því, er hann vildi enskis manns ráði hlýða, ok vildi heldr deyja sjálfir með öllu liði sínu, en sættast við Girki, en hann er skapmikill ok stórráðr, ok kemr mér þat í hug, at hann muni ætla at véla oss, því at hann trúir oss nú eigi til fulls. Nú séð er ráð fyrri oss hvárt yðr sýnist at bíða þess, hvat þar kemr upp, en eigi varir mik at lengi muni þurfa, eða vili þér leita annara orráða, þeirra at vér verðim eigi seinni, þetta leizt öðrum höfðingjum svá, þóttust þeir þá sjá hvern enda hafa mundi, ef þá skyldi engum ráðum at fara, sem Príamus hafði heitazt, öðrum en gánga út af borginni ok berjast, ok láta vinna mann meðan mætti. Þeir tóku þá fastmælum sín á millim, at engi skyldi annars ráð brjóta eða berj gera, ok þegar sendu þeir Pólídamantem á fund Agamemnonns konúngs leynilega ok segja honum kvað komit var, at þeir þóttust þá lífi sínu eiga at forða, ok

þeir mundu þá búnir vera kaup við hann at eiga, ok gefa þá upp borgina, þeim til friðar ok þeirra varnaði, ok er hann kom á fund Agamemnonns konúngs, sagði hann honum sín eyrindi; þá kallaði konúgr saman höfðingja sína ok spurði hvern trúnað á orð hans skyldu leggja, ok var þat ráð tekit, at senda mann með Pólídamante, þann er Sínon hét, at finna Eneam ok Antenor, ok skynja hvárt honum þætti þetta flærðalaust, ok er hann kom í borgina ok hitti þá Antenor ok Eneam, þá reyndi hann allt af þeim satt ok ráðit, er fyrri þá var upp borit, ok festu þeir þá með sér af nýju þessa ætlan, þeir gerðu jartegni með sér, hvern tíma borgarinnar skyldi vitja um nóttina, ok hvert lið upp skyldi lúka. Sínon hvarf þá aftr til Girkja ok sagði Agamemnon konúngi sín eyrindislok, at þar var allt særum bundit, er þeir höfðu við mælt, ok á hinni sömu nótt komu Girkir til borgarinnar, ok luku þeir Antenor þá upp borgliði ok leiddu þeir þá allan herinn í borgina, ok báru síðan ljós fyrri Girkjum til þess er þeir komu á úvart í höll Príamus konúngs ok var þar þá fyrir mestr hluti þeirra manna er borgina vildu verja. En er Girkir komu í höllina, þá neyttu þeir handa, ok var engi ákafari en Neóftúlemus Pirrus. Hann hjó fyrst Príamus konúng fyrri þórsstalla, en þá

hvern at öðrum, ok mundu það flestir ætla, at hann væri eigi menskr maðr, er hann ljóp alblóðugr um höllina, ok hjó á ij hendr mikilli breiðexi, ok gengu Girkir alvápnadir um alla borgina um nóttina, ok drápu menn hvar sem þeir komu ok ræntu fé. Hekúba drottíng bað Eneam fela Pólixenam fyrri þeirra fjandmönnum, en hann fékk hana Ankíse ok fal hann hana um stund, en þær Kasandra ok Andrómaka fálust í Fryggjarhofi.

31. En er ljóst var af degi, þá höfðu Girkir þíng. Þá mælti Agamemnon konúngr ok þakkaði fyrst goðunum sigr þann er þeir höfðu fengit, ok þar út í frá höfðingjum ok röskum riddurum ok allri alþýðu, er þann flokk hafa fylldan, oss til sæmðar ok sjálfum sér til frægðar, en þat er skylt at ek geri yðr allt þat gott er ek má, vel ek af yðr ráð hafa, hversu griðum skal halda við þá menn, er borgina hafa upp gefit, allir fýstu at þeir skyldu grið hafa, er í særum væru bundnir, veru þeim þá öllum grið gefin ok náðu þeir þá allir sínu gózi. Antenor bað þá griða þeim Elenus systkinunum ok Kasandre ok var þeim grið gefin. Þá váru ok grið gefin Hekúbe, ok Andrómaka ok Kasandre. Þeir skiptu öllu herfángi með sér at jamnaði. Þá var öll Trója brend ok brotin, vildi Agamemnon þá aftr venda

með sínu liði til Girklands, ok máttu þeir eigi brott komast fyrri andviðri, þeir blótuðu þá helvítis goð, til byrjar. Neóftúlemus fór at leita Pólixenam, ok fann hann eigi. Fleiri menn fóru at leita hennar ok fundu hana eigi, hann kærði fyrri Agamemnon, at honum þótti líflát föður síns hafa lotizt af henni, ok bað hann menn til at fá, at leita hennar, ok svá gerði hann ok fannst hon þó eigi. Þá bað Agamemnon Antenor leita Pólixenam til þess er hon fyndist eða ella mundi uppbrugðit friði við þá. Antenor sagði Enee, ok treystist hann þá eigi ok hans menn fyrri at standa, ok fanst hon þá, ok var hon leidd fyrri Agamemnon, en hann fékk hana á vald Neóftúlómó Pirró, en hann fór með hana til leiðis Akilles föður síns, ok hjó þar af henni höfuð. Agamemnon varð reiðr Enee, er hann hafði forðat Pólixene ok kvað hann fyrri þat skyldu flýja óðal sitt, ok bjó hann þá þegar ferð sína or landi. Hann hafði þá skip þau, er Alexandr hafði haft til Girklands, ok fylgdi honum brott þaðan iij þúsundir manna ok cccc vígra manna, en með Antenor váru eftir ij þúsundir manna ok V hundruð manna. Hér eftir fór Agamemnon konúngr brott frá Tróju alfari, með öllu því liði er eftir var. Tók þá Menelaus við Elenu harla dapri konu sinni, þau fóru öll saman, Helenus ok

Hekúba, Kasandra, ok Andrómaka í Ceronensem með þúsund manna ok cc.

32. Svá segir meistar Dares, at Girkir sætu um Tróju X vetr ok vj mánuði ok xij daga. Af Girkjum féllu Decc þúsunda og átta tigur þúsunda ok vj þúsundir, en af Trójumönnum féllu, áður borgin væri unnin, Decc þúsunda ok vij tigur þúsunda ok vj þúsundir, en þat veit engin töl á, hvat Girkir drápu um nóttina, þá er þeir unnu borgina. En þessi þrekvirki vann hverr höfðingja: Ektor felldi Prótesílaum, Patróklum, Meríónem, Arkesílaum, Oleópenónem, Dónum, Pólixenem, Philippum, Antippum, Diómeneum, Pólamónem, Epistrópum, Askeðium. Þessir váru allir hertogar. En Eneas felldi Amphímakum ok Nereum, en Alexandr felldi Palamedem, Akílem, Antilókum, Ajax, en Ajax Alexandrum. Þá skal nú segja frá þrekvirkjum Girka höfðingja. Akilles felldi Euphemum, Hippótum, Phileum, Asteríum, Líkaónem, Euphorbum, Hektor, Tróilum, Mennónem, en Diómedes felldi Zantippum, Nestem, Prótenóren; Palamedes felldi Deiphobum, Sarpdónem, Neoptúlemus Pirrus felldi Pentisíleam Príamum Pólixenam. Hér fellr nú niðr saga er Dares hefir sagt ok þikkir sú saga sannlegust; enda var hann þar við ok vissi gjörla. En þeir aðrir, er þessa sögu hafa sagt,

váru komnir frá Enea ok bera þeir meirr af honum vélar, eða þau ráð er honum sómdu illa við sína tengðamenn, ok þikkir þat flestum vitrum mönnum ótrúlegt, en þat vita menn, at sú ætt er göfgust í heiminum, er frá honum eru komnir, ok Cresve dóttur Príami konúngs, sem eru keisararnir, er höfuðsmenn eru allrar veraldarinnar.

3. Nú er þat saga Rómverja, at eftir er at Pirrus hafði drepit Pentsíleam, ok Tyrkjir váru flýðir í borgina, ok vildu eigi út gánga fyrri nokkura eggjan Girkja. Þá átti Agamemnon konúngr þing, ok sagði mönnum, at honum þótti borg torsóttleg ok honum virðist svá, at hon mundi aldri unnin verða svikalaust, ok þeir höfðu þá at eins sigrast, er Trójumenn höfðu eigi hlíf af borginni, ok kvað þat ráð sýnast at menn færi heim til Girklands, ok kallaði þó Príamum konúng muna mundu, at Girkir hafi komit til Tróju. Ok er hann létti at tala, váru þeir margir er brott vildu, en hinir er höfðu látit frændr eða fóstbræðr, vildu heldr þar líf láta en brott fara. Þá mælti Úlixes, hann hafði áðr lengi þagat, svá at engi maðr fékk orð af honum mörg dægr: Úráðlegt sýnist mér nú frá at venda, því at nú er komit at þeirri stund er goðin hafa fyrri heitið sigrinum; ok þegar vildu allir hans ráði

hlíta. Hann lét þá til smíðar taka ok gera hest svá mikinn at fádemi váru í. Hann var svá gerr, at í honum mátti vera fjöldi manna með herklæðum. Undir honum váru mörg hvel ok stór, ok mátti hann leiða með mannfjölda, hvert er vildi. Ok er hann var gerr, þá liðu nokkurir dagar áðr en Agamemnon átti þíng við Girki, ok svá ner borginni at Trójumenn máttu heyra hvað þeir töluðu. Agamemnon konúngr lýsti þá brottferð sinni ok þakkar mönnum liðveizlu og framgaungu. Gaf þá síðan leyfi hverjum manni til síns fósturlands, at fara; slitu þeir við þat þínginu. Tóku þeir þá upp allar herbúðir sínar ok lögðu brott hina sömu nótt ok lögðu skipin undir eina litla ey, er þar skamt lá í frá. Hon var há ok sæbrött, ok mátti eigi skipin sjá frá borginni, en hestrinn stóð eftir ner borginni ok var Úlixes í hestinum ok fjöldi riddara með vápnum.

34. En fám dögum síðarr sá Trójumenn, hvar maðr ljóp frá sjónum til borgar. Hann var klæðfár ok váru bundnar hendr hans á bakaftr. Hann hafði band fyri augum, ok signað þó nokkut frá augunum. Sá maðr felmti mjök ok ljóp æ sem horfði. Borgarmenn tóku hann höndum, ok spurðu hvað manna hann væri. Ek sver þess við Palladem, segir hann,

at ek skal eigi ljúga þat sem ek segi yðr, í fyrstu em ek girzkur maðr, sem þér meguð sjá, ok heiti Sínon: ek em frændi Úlixen hins skapa, en ekki ætla ek hér til griða er þér eruð. Þeir spurðu hví hann fór svá, ok hvað hann hafði til saka gert, hvað mun mér tjóa at segja yðr? Ek flýði banann, en ek venti mér skamt muni til hans. Þeir svöruðu, at með því mundi honum venst líf at kaupa, at segja þeim þat er þeir vildu vita. Þat var fyrst, segir Sínon: at konúngr skipti verði með liði váru, en mér líkaði þat illa, ok mælti ek ímóti, en Úlixes er skapmikill ok lángrækr, sem nú hefi ek raun á. Hann lét þá fyrst sem okkr hefði ekki áskilið, en þó fann ek opt síðan at hann stýrði mér meirr til mannháska en til virðingar, ok er vér várum til brottferðar búnir ok gerði andviðri, ok kvað þá Kalkas þat upp, er Úlixes réð reyndar, at blóta skyldi helvítis goð til byrjar. Þá kvað Úlixes þat upp at ekki mundi þegit utan mannblosts, ok skyldi þann höggva til dýrðar goðinu, ok er svá var gert, þá kom minn lutur upp af ráðum Úlixes, ok lét hann sem honum líkaði þat illa ok þó kallaðist hann eigi vilja brjóta lögin, þó at sjálfs hans líf lægi við. Var ek þá til lands leiddr, ok til höggs búinn, svá sem nú megu þér sjá, en mér var sem mælt er, at hver á sér

vin með úvinum, at maðr hjó af mér þat band er á mér var haldit, ok er nú hér sumt bandit, sem þér sjá, en ek ljóp þá þángat, sem ek horfða, ok skriðnaði þá bandit frá augum mér, ok þorðu þeir eigi eftir at sækja, þá er ek snera hingat. Nú sýnist mér sæmilegra at þér takið mik af lífi heldr en vinir eða náfrændr, en þó er nú lítill frami at drepa mik bundinn ok einn, ok er hér ok engra hefnda eftir von; því at þeim man fagnaðr þikkja, er þeir spyrja mitt líflát. Þá komu þar allir hinir mestu spekingar, ok þótti öllum þat ráðlegt at hann væri til dauða dæmdr, ok sögðu mundu vera svik. Þá svarar Príamus konúngr: ek em nú gamall, ok man nú skamt eftir minna lífdaga, ok sýnist mér ekki frægðarverk at drepa hann, en hafi hann fyri þat verit brott rekinn, at þeir hugðu hann vera várn vin, vil ek honum grið gefa. Maðrinn þakkar honum lífgjöfina. Þá mælti Príamus: forvitni er mér á, hví þeir brendu eigi hestinn, slíka gersimi. Þeir þorðu eigi herra, fyri goðunum, ok ef hestrinn kemst í borgina, þá man hon aldri verða unnin. Konúngr spurði: hví þeir hefði þenna hest gert? Úlixes blótaði til goðanna ok vísuðu goðin svá til at hestinn skyldi gera með slíkum hætti, sem nú er hann ok honum man sigrinn fylgja hvert sem hann ferr. Þeir ætla

ok hingat í annat sinn til hestsins, ok koma honum í brott annathvært með fjölkýngi eða smíðvélum, ok er Símon hafði þetta sagt, söfnuðust saman höfðingjar ok sýndist, ef þessi saga væri sönn, at þeim mundi hæfa at verða fyrri at bragði, ok koma hestinum í borgina ok hafa sigrinn undir sjálfum sér. Þá svarar einn blótbiskup, at þar af muni þeim standa öll úgifta, ef hann kvæmi í borgina, en almúgrinn geystist at, ok vilja koma hestinum í borgina, og bera nú á festar og undit með vindásum at borginni, ok varð þá kallit svá mikit, at enginn heyrði hvat annar sagði. Þá gekk blótbiskup til hofs ok vildi forvitnast tíðinda. Þá hröktust ormar ij undan stöllunum ok drápu sunu hans. Honum þóttu þat ill tíðindi ok sagði þat hit meira mundu eftir fara, fór hann þá með miklu kalli, at þeir leiði eigi hestinn í borgina, ok herr manns væri í hestinum, en þeir æptu í móti, ok kváðu þat engu gegna, ok fóru sínu fram, ok er þeir komu at borgliði með hestinn, þá mátti eigi koma í borgina, nema brotið væri um liðit, ok var þat gert, ok eigi aftr bætt. Þeir létu þar hestinn staðar nema, sem hæð var mest í borginni, ok bæði var sýnt þángað ok þaðan, ok gleymðu þar yfir, ok þótti vel um stillt, ok fóru at sofa um kveldit, mjök vínruknir,



ok óttuðust þá ekki at sér. En þeir er í hestinum váru gerðu vita, sem höfðu áðr ráð til gert sín í millim. Girkir höfðu allan her sinn á landi, ok gengu með fylktu liði at því borgarliði er opit var, ok þeir höfðu sjálfir brotið fyrri hestinum. En er allr Girkja her var kominn í borgina, ok þeir Úlixes gengnir or hestinum, þá kváðu lúðrar við um allan herinn, taka þeir nú ok brenna húsin en drepa mennina, ok vit þat vaknar Eneas, er hann sá loga alla borgina. Hann tekr þegar vápn sín, ok vill þángat sem konúgr var. Þá sér hann atsókn ógurlega á sjálfu Ilíum, er dýrlegast var í borginni, ok öll dýrð borgarinnar hneig til, þá sér hann hvar Pirrus ferr, ok sækir Ilíum, hann hefr breiða exi, ok svá sagði Eneas, at hann væri líkari fjandanum en manni. hann leypur búk af búk ok heggr á ij hendr Hann er allr blóðugr. Hann kemr at þeim stalla er Þór var hælgaðr, ok drepr allt þat er hans hin ógrlega öx nemr. Hann drap Pólídamantem sun Prímamus, ok þegar eftir Prímamus fyrri stalla Þórs, ok er Eneas sá hann fallinn, þá vildi hann gjarnara þar deyja en brott at komast, en þó minntist hann þeirrar spásögu, at hann skyldi til Ítalíalands fara, ok frá honum mundu hinir ríkustu menn koma, þeir er engir mundu vera slíkir í heiminum, ok því

fór hann í brott með föðr sinn ok sun, en er borgin var unnin, þá fóru Girkir í brott, en at þeim gerði svá mikinn hafstorm, at flestir misfórust svá sem segir í Theódóló ok engra þeirra varð síðan mikil uppreist. Nú kemr hér saman sagan ok sú er Dares hefr sagt ok þikkir öllum þat sannlegast.

35. En er orrostu var lokit, ok hverr brott farinn til síns heimils, þá fékk Neoptulemus Pirrus Andrómake er átt hafði Ektor, ok fóru þau síðan á Effírum, ok fór Elenus þángat með þeim. Pirrus var mikill újafnaðarmaðr í flestu, ok þá er þau Andrómaka höfðu eigi lengi saman verit, þá vildi hann hana eina láta, en vildi þá fá Ermíonem dóttur Menelaus ok Elenar hinnar fögru, ok sagði Menelaus hana hafa sér fastnaða, þá er þeir sátu um Tróju, ok lézt hana sækja skyldu, en Elenus latti þess mjök, ok kvezt eigi þikkja hennar frændr hinir nánustu, miklir gæfumenn, ok þótti venna at nokkut illt mundi af hljófast, ef þessu væri fram haldit, ok nú kom þessi ætlan fyrri Órestem sun Agamemnons konúgs, ok varð hann reiðr mjök ok sagði Hermíonem vera fastnaða af Tindaró, fóstra hennar ok kvazt annathvært þessum ráðum skyldu renna eða láta líf sitt. Ok nú sitr Órestes um Pirrum jafmnan, ok þat varð um síðir. at hann



gat lostit hann með öru, ok var hann þó lifandi heim færðr, ok þá gaf hann Helenus Andrómakam ok allt ríkit með í Epíró ok eftir þat dó hann, en þau tóku ríkit ok gerðu þar borg mikla í líking eftir Tróju. Þar fæddust upp synir Andrómake ok Hektóris, miklir ok sterkir ok líklegir til höfðingja.

36. En eftir Trójumanna orrostu urðu drjúgum allir ættmenn Príamus konúngs landflæmdir, ok bygðu á ýmsum stöðum, en mart fór svá ráðlaust, at síðan fékk aldrei ynði meðan þat lifði, en Antenor var þar eftir sem fyrr var sagt, í borginni Tróju, þá er Girkir fóru í brott ok ræstu þeir síðan ok ruddu borgina, ok bygðu þar eftir um stund, at leyfi Agamemnonns konúngs, ok var þó lítil efling borgarinnar, en landit var þó svá ársælt, þegar þar var friðr, at þeim var enkis fátt er þar bygðu. En er synir Ektóris váru vaxnir, ok þeir spurðu hvat títt var í Tróju, er þeim þóttu sitt fóstrland, at þeir sátu þá úskyldir þeim. Nú beiddu þeir at Elenus skyldi fá þeim lið ok skip, ok fara sjálfr með þeim til Tróju, ok ryddi brott þeim mönnum er þar bygðu, en unni undir þá, ok setti þar þá þar niðr, en Elenus lét þat eftir þeim, ok fóru þeir með her til Tróju, ok er borgarmenn sá at Elenus er þar kominn ok

synir Ektóris, ok þeir mundi oddi ok eggju borgina sækja heldr en frá hverfa, þá sá þeir engi sín efni til mótstöðu, ok gáfu þeir þá allt saman upp, sik ok borgina í þeirra vald, en Elenus setti þá þar niðr bróðrsunu sína, ok efldi þá til ríkis, ok váru þeir þar um alla sína æfi, ok þar bygði þeirra ættbogi síðan, en brott fór öll sveit ok ætt Antenore, ok bygði þar ekki þaðan frá, en Elenus fór aftur í Epírum, ok sat at því ríki meðan hans líf var. Ok er nú farit yfir þá sögu, er ágætust hefr verit í veröldinni í heiðni, at allra manna virðingu, þeirra er vitrir eru, ok flestar frásagnir eru kunnar. [Lýkur hér sögu þessari].